Nd. **200. Frumvarp til laga** [180. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að tekjur þessar hafi ekki verið rétt tilgreindar, sbr. 4. gr. þessara laga, skal skattstjóri endurákvarða gjaldstofna og gjöld viðkomandi framteljanda. Um endurákvörðun slíkra gjaldstofna og álagningu gjalda gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin ákvæðin um álag og refsingar, innheimtu og ábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda gjaldárið 1988 á tekjur ársins 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 5. gr. laganna skulu svokallaðar yfirfærðar tekjur, sem taldar verða fram sem tekjur ársins 1987, skattlagðar við álagningu, en skattur af þeim ekki felldur niður. Yfirfærðar tekjur teljast þær tekjur sem komnar eru til vegna breytingar á uppgjörsaðferð eða á annan hátt eru færðar frá fyrri eða síðari árum til ársins 1987.

Lagabreytingin felur í sér að ef tekjur þessar eru ekki eða hafa ekki verið rétt tilgreindar sé tryggt að skattstjórar hafi sömu heimildir til endurákvörðunar á gjaldstofnum og álagningu og almennt er í hliðstæðum tilvikum.